

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 343/2007 um takmörkun á inntöku nemenda í tiltekna námsgreinar við Háskóla Íslands háskólaárið 2007-2008.

1. gr.

Þriðja málsgrein 2. gr. um takmörkun á inntöku í námsgreinar hjúkrunarfræðideildar breytist og hljóðar svo:

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfraeði takmarkast við töluna 12.

2. gr.

Fyrsta mgr. C. liðar 4. gr. um takmörkun á inntöku í náms- og starfsráðgjöf í félagsvísindadeild breytist og hljóðar svo:

Fjöldi nýrra nemenda í fyrri hluta meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf takmarkast við töluna 30.

3. gr.

Fyrsta mgr. 5. gr. um takmörkun á inntöku nemenda í meistaranám í lýðheilsuvísindum breytist og hljóðar svo:

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í lýðheilsuvísindum (MPH) takmarkast við töluna 40.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2007-2008.

Háskóla Íslands, 10. maí 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.